



Aðalfundur Íslenska bútasaumsfélagsins 2024 var haldinn 24. apríl í salnum Sléttunni, Sléttuvegi 23, 108 Reykjavík, kl. 20:00. Fundinn sátu 32 félagsmenn.

Formaður, Ásdís Finnsdóttir, setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Ásdís stakk upp á Margréti Óskarsdóttur sem fundarstjóra og Hugrónu Björk Hafliðadóttur sem fundarritara og var það samþykkt. Til fundarins var boðað með löglegum fyrirvara og telst því löglegur.
2. **Skýrsla stjórnar.** Ásdís gerði grein fyrir skýrslu stjórnar og var skýrslan samþykkt af fundarmönnum.
3. **Reikningar félagsins.** Gjaldkeri, Kristín Björk Erlendsdóttir skýrði endurskoðaða reikningana sem voru bornir upp og samþykktir með handaupplýftingu.
4. **Félagsgjald.** Eftir umræðu fundarmanna, kom tillaga úr sal um hækkun um 500 kr. Tillagan var samþykkt með handaupplýftingu meirihluta fundarmanna og er því árlegt félagsgjald kr. 5.500.-
5. **Skýrslur nefnda.**
 1. **Ritnefnd.** Engin skýrsla.
 2. **Hetjuteppanefnd.** Dagbjört Guðmundsdóttir gerði grein fyrir störfum nefndarinnar. Í ár eru 50 hetjuteppi sem munu vera gefin. Hún ræddi um að verið er að skoða kostnað og framleiðslu á samræmdri merkingu teppanna sem innifelur merki félagsins.
 3. **Sýningarnefnd.** Margrét Óskarsdóttir gerði grein fyrir störfum nefndarinnar og sýninguna sem var í haust í Hafnarfirði.
 4. **Fræðslunefnd.** Engin skýrsla.
6. **Lagabreytingar.** Átta lagabreytingartillögur frá stjórn voru bornar upp til samþykktar.
Breytingar á 2. gr.
 1. Smávægileg orðalagsbreyting í fyrri setningu. Tillagan var samþykkt af fundarmönnum.
 2. Síðari setning tekin út og ný sett inn varðandi hlutverk félagsins. Tillagan var samþykkt af fundarmönnum.**Breytingar á 4. gr.**
 3. Breyting á kjörgengi eigenda verslana og þjónustufyrirtækja. Tillagan var samþykkt af fundarmönnum.
 4. Breyting á fjölda nefnda sem kosið er til. Tillaga barst úr sal um að bæta inn ferðanefnd. Fundarmenn samþykktu tillöguna úr sal með handaupplýftingu.

5. Breyting á lestri aðalfundargerðar. Tillagan var samþykkt af fundarmönnum.

Breytingar á 5. gr.

6. Skipun stjórnar. Fyrirkomulag til hvaða embætta skuli kjósa á tveggja ára fresti var sett fram með skýrari hætti en áður. Tillagan var samþykkt af fundarmönnum.
7. Breyting á texta varðandi hlutverk og samskipti við EQA. Tillagan var samþykkt af fundarmönnum.

Breyting á 7. gr.

8. Breyting á fyrirkomulagi og framkvæmd ef til slita á félaginu kemur. Tillagan var samþykkt af fundarmönnum.

Ný lög voru í heild sinni borin upp til samþykktar. Þau voru samþykkt með handaupplyftingu fundarmanna.

7. **Kosning formanns.** Ekki að þessu sinni.
8. **Kosning meðstjórnenda.** Kosning tveggja meðstjórnenda. Kristín Björk Erlendsdóttir og Svala Krístrún Stefánsdóttir voru kosnar meðstjórnendur 2024-2026.
9. **Kosning varamanna.** Kosning eins varamanns. Margrét Teitsdóttir var kosin varamaður 2024-2026.
10. **Skoðunarmenn reikninga.** Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir og Pálína Árnadóttir voru kosnar skoðunarmenn 2024-2025.
11. **Kosning í nefndir:**

Ritnefnd:

Vigdís Stefánsdóttir og
Margrét Óskarsdóttir.

Hetjuteppanefnd:

Dagbjört Guðmundsdóttir,
Guðný Kjartansdóttir og
Kristín Lára Magnúsdóttir.

Sýningarnefnd:

Ragnheiður Björnsdóttir,
Margrét Óskarsdóttir,
Sigrún Sveinbjörnsdóttir,
Fanneý Davíðsdóttir og
Dagbjört Guðmundsdóttir.

Kaffinefnd:

Valið verður í kaffinefnd á fyrsta fundi í haust.

Fræðslunefnd:

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir,
Ásta Kristín Siggadóttir og
Jófríður Benediktsdóttir.

Ferðanefnd:

Kristín Björk Erlendsdóttir,
Sigríður Poulsen og
Olga Magnúsdóttir.

Góðgerðarnefnd:

Vigdís Stefánsdóttir,
Svala Krístrún Stefánsdóttir og
Sunna Rey Sigurjónsdóttir.

12. Önnur mál:

1. Rætt um hetjuteppin sem birt eru á heimasíðunni og að tengingu vantar milli eldri teppa og ártala.
 2. Ásdís formaður bar upp tillögu um kaup á ferðaskjálvarpa. Fundarmenn samþykktu tillöguna. Slíkar ákvarðanir eru á hendi stjórnar.
 3. Sunna Rey Sigurjónsdóttir ræddi um góðgerðartöskur sem gefnar eru til Kvennaathvarfsins og drenpokana.
 4. Kristín Björk Erlendsdóttir ræddi um breytingar í félagatalinu, að félagsmenn láti vita ef heimilisfang breytist eða ef þeir fá ekki tölvupóst.
 5. Svala Krístrún Stefánsdóttir bætti við upplýsingum um að stjórnarfundir sem haldnir hjá félaginu voru langflestir fjarfundir og því auðsótt fyrir félagsmenn á landsbyggðinni að vera í stjórn.
13. Fundarritari las upp fundargerð fundarins sem var samþykkt með lófataki.
14. Ásdís formaður sleit fundi. Fundi slitið kl: 21:13.

Fundarritari

Hugrún Björk Hafliðadóttir